

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 182/2017**

2019/EES/52/33

frá 22. september 2017

**um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/671 frá 7. apríl 2017 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir klóbíaníðín og þíametoxam í eða á tilteknum afurðum <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/693 frá 7. apríl 2017 um breytingu á II., III. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir bítertanól, klórmekvat og tebúfenpýrað í eða á tilteknum afurðum <sup>(2)</sup>sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjttíð. ESB L 131, 20.5.2017, bls. 23.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fóður og matvæli. Ákvæði löggjafar um fóður og matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 4) I. og II. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirliðum er bætt við 40. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005) í II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

- „– **32017 R 0671**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/671 frá 7. apríl 2017 (Stjttíð. ESB L 97, 8.4.2017, bls. 9),
- **32017 R 0693**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/693 frá 7. apríl 2017 (Stjttíð. ESB L 101, 13.4.2017, bls. 1), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjttíð. ESB L 131, 20.5.2017, bls. 23.“

*2. gr.*

Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 54zzy (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

- „– **32017 R 0671**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/671 frá 7. apríl 2017 (Stjttíð. ESB L 97, 8.4.2017, bls. 9),
- **32017 R 0693**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/693 frá 7. apríl 2017 (Stjttíð. ESB L 101, 13.4.2017, bls. 1), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjttíð. ESB L 131, 20.5.2017, bls. 23.“

<sup>(1)</sup> Stjttíð. ESB L 97, 8.4.2017, bls. 9.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. ESB L 101, 13.4.2017, bls. 1.

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) 2017/671 og (ESB) 2017/693, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 131, 20.5.2017, bls. 23, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 23. september 2017, að því tilskildu að allar tilkynningar skv. 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 22. september 2017.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Sabine Monauri***

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.